

372. fundur Skólanefndar FS

9. apríl 2025



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Guðlaug María Lewis áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Innritun, húsnæðismál og viðbygging.
 2. Fréttir frá NFS.
 3. Önnur mál.

1. Innritun, húsnæðismál og viðbygging.

Skólameistari sagði frá stöðu mála. Verið er að undirbúa að taka við námi í fóttaðgerðafræði en húsnæði verður leigt af Reykjanesbæ. Búnaður var keyptur af Keili. Innritun er hafin og hefur þegar borist 21 umsókn en í upphafi verður farið af stað með 12 nemenda hóp. Kennarar sem hafa kennt við brautina hafa sýnt áhuga á að halda áfram hér.

Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda í haust og er verið að skoða hvar hægt er að koma þeim fyrir en það verður m.a. með gámum og leiguhúsnæði. Skóladagurinn verður lengdur um eina kennslustund til að koma öllum áföngum fyrir. Ekkert er að fréttast fyrirhugaðri viðbyggingu en málið er í biðstöðu í ráðuneyti. Gert er ráð fyrir um 350 nýnemum. Útlit er fyrir nokkra fjölgun nemenda á starfsbraut. Sérfræðingur í þessum málaflokki hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu heimsótti skólann og ræddi hvernig er hægt að koma til móts við þennan fjölda nemenda.

Í gær var opið hús fyrir grunnskólanemendur og voru nemendur 10. bekkjar og foreldrar þeirra sérstaklega boðin velkomin. Námsframboð og skólinn var kynnt og gestum gafst færi á að skoða skólann og aðstöðuna.

Búið er að auglýsa tvær stöður sérkennara, stöður kennara í rafiðnum og efnafræði og starf tómstundafulltrúa. Gert er ráð fyrir að tómstundafulltrúi aðstoði nemendur við félagslíf og sinni forvörnum. Aðrar stöður verða auglýstar þegar nemendafjöldi liggur fyrir.

Handwritten signatures and initials:
gic-
EJP
HMS
HMS
GU.
BIO
KAS

Næsta vetur verður boðið upp á nám síðdegis í meistaraskóla, pípulögnum og á sjúkraliðabraut. Hópar í rafiðnum og húsasmíði í síðdegisnámi halda áfram en ekki verður tekið við nýjum nemendum fyrr en þessir hópar hafa lokið sínu námi.

Í vor hafa 175 skráð sig til útskriftar sem verður langstærsta útskrift í sögu skólans. Verið er að skoða hvernig hægt verður að koma þessum fjölda fyrir ásamt gestum. Þar er verið að skoða að setja upp skjá í Miðgarði eða í kennslustofum.

Samkvæmt fjármálaáætlun á að skera niður um 2,5 milljarð í framhaldsskólum á því tímabili sem áætlunin nær til.

Formaður lagði fram eftirfarandi bókun um húsnæðismál skólans. Bókunin var samþykkt samhljóða.

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja hvetur mennta- og barnamálaráðherra sem og þingmenn Suðurkjördæmis til þess að standa með uppbyggingu skólans. Á umliðnum misserum hefur verið unnið að því að tryggja starfs- og verknámi við skólann viðunandi aðstöðu. Ítarlegar þarfagreiningar hafa verið unnar af hálfu ráðuneytisins, starfsmanna skólans og fagaðila, allar þarfir liggja fyrir og ekkert því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir. Sveitarfélög á svæðinu og ríkisvaldið undirrituðu samning um fjármögnun viðbyggingar fyrir verk- og starfsnám þann 6. apríl 2024 og ekki þarf að fjölyrða um þörfina, fjöldi lausra gámaeininga við skólann eru þar til vitnis. Einnig má benda á að á þjónustusvæði Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið gríðarleg fólksfjölgun á umliðnum árum og hefur aðstaða skólans á engan hátt vaxið í takt við þá þróun. Vonir stóðu til að Menntaskólinn á Ásbrú myndi létta á þörfinni samhliða því að styðja við fjölbreytt námsframboð á svæðinu til framtíðar. Yfirvöld ákváðu að loka þeim skóla og hefur mikið af því námsframboði sem þar var flust til Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það er því mjög aðkallandi að áfram verði haldið á þeirri vegferð að byggja við skólann svo tryggja megi viðunandi aðstöðu nemenda í bæði iðn- og bóknámi.

2. Fréttir frá NFS.

Í forföllum fulltrúa nemendafélagsins sagði skólameistari frá því sem hefur verið að gerast hjá félaginu. Árshátíð er í kvöld og hefst hún með kvöldverði í skólanum. Lið skólans keppir við lið MS í undanúrslitum MORFÍS. Fulltrúi skólans keppir í Söngkeppni framhaldsskólanna 12. apríl. Foreldrafélagið styrkti fulltrúa nemendafélagsins í MORFÍS og söngkeppni framhaldsskólanna og greiðir einnig niður miða á árshátíðina. Eftir páska verða svo kosningar. Skólameistari sagði starfsemi félagsins hafa gengið vel og gott samstarf verið við stjórnendur skólans.

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom right of the page, including "EJP", "RML", "HHS", "GV. BPT", "HMF", and "GIG".

3. Önnur mál.

- a) Skólinn var stofnun ársins hjá Sameyki þriðja árið í röð í flokki stórra ríkisstofnana.
- b) Starfshlaupið verður föstudaginn 11. apríl. Þar keppa fimm lið að þessu sinni.
- c) Fundarmenn þökkðu fyrir samstarfið en þetta er að líkindum síðasti fundur þessarar skólanefndar. Skólameistari þakkaði nefndinni fyrir samstarfið undanfarin fjögur ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason, formaður



Ásrún Helga Kristinsdóttir


Helga María Finnbjörnsdóttir


Gunnar Valdimarsson


Kristján Ásmundsson, skólameistari


Einar Jón Pálsson


Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir


Guðlaug María Lewis


Guðmann Kristþórsson, fundarritari